

**Ed. 50. Frumvarp til laga**

um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Flm.: Þorsteinn Briem.

**1. gr.**

Atvinnumálaráðuneytið hefir æðstu stjórn allrar tilrauna- og rannsóknarstarfsemi í jarðrækt og búfjárrækt, sem sérstakur styrkur er veittur til úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, en Búnaðarfélagi Íslands skal falin umsjón með framkvæmd starfseminnar.

**2. gr.**

Stofna skal og starfrækja 4 tilraunastöðvar í jarðrækt, eina í hverjum landsfjórðungi, og kallast fjórðungsstöðvar. Auk þess skal gera jarðræktartilraunir utan fjórðungsstöðvanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telja nauðsynlegt.

**3. gr.**

Ríkissjóður leggur fram stofnfé, til þess að koma á fót fjórðungsstöðvum þeim, sem um ræðir í 2. gr., svo og árlegt rekstrarfé til þeirra og annara tilrauna, er þar getur.

**4. gr.**

Tilraunir í búfjárrækt skal reka á kostnað ríkissjóðs á búum bændaskólanna. Einnig skal gera tilraunir í búfjárrækt utan skólanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telja þörf á.

**5. gr.**

Visindastofnanir, sem ríkið kostar og standa í nánú sambandi við jarðrækt eða kvikfjárrækt, svo sem rannsóknarstofa háskólans og í þágu atvinnuveganna, efnarannsóknarstofa ríkisins eða aðrar þær stofnanir, er settar kunna að verða á fót til að leysa hliðstæð verkefni, skulu veita tilraunastarfseminni þá aðstoð, er nauðsynleg kann að vera til þess, að tilraunirnar beri sem fyllstan árangur.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands ræður forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt.

Búfjárræktartilraununum á bændaskólunum stýra kennararnir í búfjárrækt. Þó má Búnaðarfélag Íslands ráða til þess aðra menn í samráði við tilraunaráð og skólastjóra.

Búnaðarfélag Íslands semur við þessa menn um launakjör og gefur þeim erindisbréf.

7. gr.

Framkvæmd tilraunastarfseminnar skal vera í höndum tilraunaráðs.

Tilraunaráð skipa forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt, forstöðumenn búfjárræktartilrauna á bændaskólunum, forstöðumaður rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna og forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins, en formann ráðsins skipar Búnaðarfélag Íslands og semur um laun hans.

Ef skipaður verður sérstakur kennari í búvísindum við háskólann, tekur hann sæti í tilraunaráði í stað forstöðumanns efnarannsóknarstofu ríkisins.

Ákveða má í reglugerð, að ráðið starfi í tveim deildum, jarðræktardeild og búfjárræktardeild, þegar betur þykir henta. Hafa þá forstöðumenn tilraunastöðvanna atkvæðisrétt aðeins um þau efni, er taka til starfs þeirra, en sé um að ræða sameiginleg verkefni, eða samvinnu í jarðræktar- og búfjárræktartilraununum, skulu báðar deildir hafa um þau mál sameiginlegan fund og atkvæðagreiðslu.

Kveðja skal tilraunaráð ráðunauta Búnaðarfélags Íslands til fundar og ráðuneytis, eftir því sem málefni standa til, og ætíð er þeim heimill aðgangur að fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Að fengnum tillögum tilraunaráðs gerir Búnaðarfélag Íslands árlega fjárhagsáætlun tilraunastarfseminnar og sendir hana atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar.

9. gr.

Forstöðumenn tilraunastöðvanna skulu árlega senda formanni tilraunaráðs skýrslur um árangur tilraunanna, og sér hann um útgáfu þeirra. Hann skal og annast um birtingu þeirra leiðbeininga handa bændum, sem árangur tilraunanna gefur tilefni til á hverjum tíma.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal, með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, setja ákvæði um verkaskiptingu í einstökum atriðum milli tilraunastöðvanna innbyrðis og önnur nánari ákvæði um framkvæmd og tilhögun tilrauna þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

Í reglugerð má ákveða laun forstöðumanna tilraunanna og formanns tilraunaráðs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða frv. flm. á síðasta þingi (sbr. Alpt. 1934, A. þskj. 791), og segir þar m. a. í greinargerð:

„Bændur verja nú árlega af eigin fé fullum 3 milljónum króna til ræktunar á jörðum sínum. Þessar umbætur eru fyrst og fremst að þakka áhrifum frá Búnaðarfélagi Íslands, búnaðarsamböndunum og hreppabúnaðarfélagunum, ásamt jarðræktarlögunum. Bændum er orðið það ljóst, að búskapurinn verður að byggjast á ræktuðu landi, ef eigi á að vera vonlaust um afkomu hans. Varðar því miklu, að framkvæmd þessara miklu jarðabóta sé hagað eftir því, sem tilraunir sýna, að arðvænlegast er á hverjum stað og tíma.

Fóðuröflun handa búpeningi landsmanna kostar árlega milljónir króna, en um mörg atriði viðvikjandi öflun beyjanna, varðveizlu þeirra og hagnýtingu skortir enn fullkomna þekkingu.

Bústofn landsmanna gefur ekki nándar nærri þann arð, sem vænta mætti, ef fóðrun og kynbætur væru komnar í fullt lag.

Loks er þess brýn þörf, að ruddar séu nýjar leiðir til meiri fjölbreytni í framleiðslunni.

Á öllum þessum sviðum verða framkvæmdirnar að byggjast á þekkingu, sem ekki er auðið að afla á annan veg en með innlendum tilraunum og rannsóknnum. Jafnvel meðan sveitabúskapur stóð enn á margra alda gömlu frumstigi hafa hagsýnir bændur að visu gert ýmiskonar tilraunir í búskap sínum, er komu þeim að haldi, þrátt fyrir margvisleg mistök, er stundum hafa kostað ærið fé. Svo er bæði um ýmsar tilraunir í jarðrækt og eigi síður í kynbótum og meðferð húfjárins.

Þessar tilraunir einstakra bænda eru mikillar virðingar verðar og sýna, að þeim er augljós þörfin. En slíkar skipulagslausar tilraunir einstaklinganna verða bæði of seinvirkar og of dýrar, enda eru þær sjaldnast gerðar af svo fullkominni þekkingu sem skyldi.

Er því brýn þörf tilraunastöðva, undir stjórn færustu manna, til að hafa með höndum stöðugar tilraunir og rannsóknir í þessum efnum.

Meðal allra landbúnaðarþjóða hefir fyrir löngu hafizt starfsemi í þessa átt, enda haga bændur þar búnaðarframkvæmdunum eftir því, sem rannsókn- og tilraunastofnanir hafa sýnt, að er hagfelldast.

Hér á landi hefir Búnaðarfélag Íslands og Ræktunarfélag Norðurlands, með styrk Búnaðarfélagsins, haft forgöngu tilraunastarfseminnar í þarfir landbúnaðarins, og unnið þar mikið og merkilegt starf. En til þessa hefir ekki verið tekið fullt tillit í fjárframlögum til Búnaðarfélags Íslands, og hefir það því eigi haft aðstöðu til að koma því skipulagi á tilraunirnar, sem hér er ætlað til, enda ná þær tilraunir, sem unnt hefir verið að leysa af hendi, ekki nándar nærri til allra þeirra verkefna, sem biða úrlausnar.

Er það ljóst, að tilraunastarfsemi þessari er ekki að fullu borgið, meðan Búnaðarfélagið á undir högg að sækja um fjárframlög til hennar. Og er því full nauðsyn löggjafar um þetta nauðsynjamál landbúnaðarins. Fyrir því er þetta frumvarp fram borið, er miðar að því að koma föstu skipulagi á starfsemi

þessa, er svo mjög skiptir þann atvinnuveg þjóðarinnar, er öllum atvinnuvegum fremur verður að styðjast við innlendar rannsóknir og reynslu“.

Á frv. hafa nú verið gerðar nokkrar breytingar. M. a. hefir einni grein (5. gr.) verið bætt inn í frv. skv. tillögum Búnaðarþings, er mælir með frv.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

#### Um 1. gr.

Það virðist eðlilegast, að umsjón þessara mála sé falin Búnaðarfélagi Íslands, á sama hátt og umsjón jarðræktar- og búfjárræktarlaganna. Er hér átt við tilrauna- og rannsóknastarfsemi á öllum hinum praktisku sviðum, en ekki þau verkefni, sem rannsóknastofa háskólans og atvinnuveganna fæst við, en gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli rannsóknarstofunnar og þeirra stofnana, er frv. ræðir um.

#### Um 2. gr.

Rétt þykir, að stöðvunum sé valinn staður einni í hverjum landsfjórðungi, bæði vegna þess, að tillit þarf að taka til mismunar veðráttufars og jarðvegs-skilyrða, og af því að ætlazt er til, að stöðvarnar geti jafnframt verið einskonar fyrirmyndarþú í fjórðungi hverjum.

#### Um 3. gr.

Þótt Búnaðarfélagi Íslands sé falin yfirumsjón tilraunastarfseminnar, þá er hér um svo sjálfstæða starfsemi að ræða, að rétt virðist, að fjárframlög til hennar veitist beint úr rikissjóði.

#### Um 4. gr.

Ríkið á allan bústofn á öðrum bændaskólanum, Hólum, og nokkurn á hinum. Það er því eðlilegast og ódýrast að gera tilraunir í búpeningsrækt á skólabúunum. Hinsvegar er nauðsynlegt að styrkja jafnframt búfjárræktartilraunir á öðrum stöðum, einkum í sauðfjárrækt, vegna ólíkra skilyrða um veðráttufar og landgæði í sveitum landsins.

#### Um 5. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði í þessa átt, til að tryggja sem nánasta samvinnu við þær stofnanir, er hér eiga hlut að máli.

#### Um 6. og 7. gr.

Með því fyrirkomulagi á yfirstjórninni, sem 6. og 7. gr. gerir ráð fyrir, er reynt að tryggja það, að framkvæmdum í þessum málum verði stjórnað af þekkingu. Starfsmenn Búnaðarfélags Íslands vita manna bezta, hver tilrauna-verkefni eru mest aðkallandi í hvert sinn. Forstöðumenn tilraunastöðvanna hafa bezta aðstöðu til þess að gera starfsáætlun um framkvæmdir tilraunanna, ákveða hvaða tilraunir skuli gerðar á hverjum stað og hvernig þeim skuli lagað. Þátttaka forstöðumanna rannsóknastofanna í tilraunaráði á að tryggja sem bezta samvinnu við þær stofnanir (sbr. 5. gr.) og að tilraunastarfsemin fari fram á fullkomlega vísindalegum grundvelli.

Rétt þykir að tryggja sem nánasta samvinnu tilraunastöðvanna við kennara háskólans í búvisindum, ef kennaraembætti verður stofnað í þeirri grein.

8.—11. gr.

þurfa ekki skýringa.